

FUNDARGERÐ

Sjóðfélagafundur Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 7. október 2015 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura

Sjóðfélagafundur Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna var haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2, miðvikudaginn 7. október 2015 kl. 17:00.

Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Friðbert lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun og var það samþykkt. Hinrik tilkynnti að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að fundurinn væri löglegur.

Hinrik lýsti því að á þessum fundi yrði aðeins eitt mál á dagskrá.

Á ársfundi sjóðsins sem haldinn var þann 10. apríl sl. var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Til stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna.

Sjóðsfélagar á Ársfundi Lífeyrissjóðs bankamanna fela stjórn sjóðsins að láta kanna og rannsaka allar forsendur fyrir greiðslum aðildarfyrirtækja til Hlutfallsdeildar lífeyrissjóðs bankamanna.

Sérstaklega ber að fá lögfræðilegt álit á hvort greiðslur hafi staðið undir öllum raunverulegum skuldbindingum gagnvart sjóðsfélögum og eins hvort aðildarfyrirtæki hafi á einhvern hátt raskað þeim forsendum sem lágu til grundvallar greiðslum.

Stjórn er einnig falið á sama hátt að láta rannsaka hvort forsendubrestur hafi leitt til þess að bakábyrgð aðildarfyrirtækja sé virk eða hafi verið endurvakin með aðgerðum og ákvörðunum aðildarfyrirtækja.

Í síðasta lagi fyrir lok september 2015 verði boðað til fundar með sjóðsfélögum, sem eiga hagsmuna að gæta, enda hafi fari fram könnun lögfræðinga og stjórnar Lífbank á þeim gögnum sem liggja fyrir og sjóðfélögum kynntar niðurstöður könnunar og rannsókna.“

Sjóðfélagafundur Hlutfallsdeildar er því haldinn til kynna lögfræðialit sem stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna hefur aflað í samræmi við framangreinda ályktun síðasta ársfundar sjóðsins sem haldinn var 10. apríl 2015. Hinrik lýsti því að til verksins hafi verið fenginn Jónas Fr. Jónsson hjá Rökstólum lögmannsstofu og bauð Hinrik Jónasi að kynna lögfræðialitið.

Lögfræðialitið var aðgengilegt á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár. Röð dagskrárliða var eftirfarandi:

- 1) Kynning á lögfræðialiti á atriðum er tengjast uppgjöri á ábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á árinu 1997 og þróun tryggingafræðilegrar stöðu: Jónas Fr. Jónsson.
- 2) Önnur mál.

1) Kynning á lögfræðialiti á atriðum er tengjast uppgjöri á ábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á árinu 1997: Jónas Fr. Jónsson

Jónas Fr. Jónsson hdl. tók til máls og reifaði helstu þætti í lögfræðialiti („álitið“) sínu á atriðum er tengjast uppgjöri á ábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á árinu 1997.

Fyrst vék Jónas að aðdraganda álitsins og lýsti hann því að hafa verið fenginn af stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna til að gefa lögfræðilegt álit sitt á atriðum er tengjast uppgjöri á ábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á árinu 1997 og þróun tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins frá þeim tíma.

Nánar tiltekið var óskað álits á því hvort:

1. *Aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins beri ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar sjóðsins.*
2. *Aðildarfyrirtæki beri ábyrgð vegna stöðu Hlutfallsdeildar sjóðsins vegna:*
 - a. *Lægri aldurs við upphaf lífeyristöku en forsendur til grundvallar uppgjöri ábyrgðar frá árinu 1997 miðuðu við, þ.e. meðaleftirlaunaaldur er 65 ára í stað 67 ára.*
 - b. *Meiri nýtingar svokallaðrar 95 ára reglu en forsendur til grundvallar uppgjöri ábyrgðar frá árinu 1997 miðuðu við.*

Jónas tók fram að við gerð álitsins hafi legið fyrir minnisblað frá tryggingafræðingi sjóðsins, dags. 5. maí 2015, um þróun tryggingafræðilegra forsendna um eftirlaunaaldur og nýtingu svokallaðrar 95 ára reglu sem lagðar voru til grundvallar samkomulagi um uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækja frá 1997. Í minnisblaðinu væri jafnframt lagt tölulegt mat á framkomnar greiðslur og skuldbindingar vegna þessara frávika og viðbótarkostnað m.v. að þeir sem enn væru í starfi hæfu töku eftirlauna eins snemma og þeir gætu.

Tók Jónas fram að við gerð álitsins hafi hann gengið út frá því að upplýsingar í framangreindu minnisblaði væru staðreynd og að ef kæmi til dómsmáls þyrfti væntanlega að kalla eftir matsgerð til að sannreyna áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þar fram koma.

Næst nefndi Jónas að hann myndi nú hefja reifun sína á helstu þáttum álitsins þar sem stiklað yrði á stóru og að hann myndi vísa til álitsins jafnóðum til glöggvunar sjóðfélaga. Vonaði hann að sjóðfélagar hefðu gagn af og tók fram að spurningar væru að sjálfsögðu velkomnar í lok yfirferðarinnar.

- a) Fyrst vék Jónas máli sínu að aðdraganda samkomulags um ábyrgð aðildarfyrirtækjanna að skuldbindingum sjóðsins.

Lífeyrissjóður bankamanna var stofnaður árið 1929 og hefur frá upphafi verið sjálfstæður sjóður með eigin stjórn.

Allt til 31. desember 1997 var ákvæði í reglugerð (samþykktum) sjóðsins um bætur vegna halla sjóðsins eða ábyrgð aðildarfyrirtækjanna á skuldbindingum sjóðsins. Með reglugerðarbreytingunni 1997 var það ákvæði fellt á brott og af því tilefni var samið sérstaklega um uppgjör ábyrgðarinnar m.v. tiltekna tryggingafræðilegar forsendur, en þannig áttu eignir sjóðsins að nægja fyrir skuldbindingum hans. Um voru að ræða forsendur varðandi ávöxtun, launahækkanir, aldur við töku lífeyris (67 ár), nýtingu 95 ára reglu (25%), dánarlíkur, örorkulíkur og giftingarlíkur.

Í lok árs 2002 var tryggingafræðileg staða strax orðin neikvæð um 8,7%. Í lok árs 2004 var staðan metin neikvæð um 11,8% og var versnandi staða rakin til lægri ávöxtunar en gert var ráð fyrir,

launahækkana starfandi sjóðfélaga umfram forsendur, auknum skuldbindingum vegna túlkunar dómstóla á samþykktum og þess að sjóðurinn bæri hærri rekstrarkostnað.

Þar sem ekki náðist samkomulag við aðildarfyrirtækin um viðbótarframlag vegna framangreindrar stöðu höfðaði lífeyrissjóðurinn mál á hendur aðildarfyrirtækjum og lauk dómsmálinu með samkomulagi sem gert var árið 2006 til leiðréttingar á samkomulaginu frá 1997. Fól samkomulagið frá 2006 í sér í stórum dráttum að aðildarfyrirtækin féllust á að greiða auknar fjárhæðir og skuldbundu sig til að taka þátt í rekstrarkostnaði.

- b) Þá vék Jónas máli sínu nánar að samkomulaginu frá 1997 um afnám ábyrgðar aðildarfyrirtækjanna á skuldbindingum sjóðsins (Hlutfallsdeildar) og eðli ábyrgðarinnar.

Eins og fram hefur komið var ákvæði í samþykktum sjóðsins lengi vel um að aðildarfyrirtækin bæru ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins þar til eignir nægðu fyrir skuldbindingu hans. Ábyrgð er í eðli sínu tryggingaréttindi þar sem ábyrgðaraðili skuldbindur sig gagnvart kröfuhafa til að efna skuldbindingar aðalskuldara ef vanefnd verður. Ábyrgð aðildarfyrirtækjanna var þannig til vara ef lífeyrissjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær féllu til eða ef sjóðurinn yrði gerður upp án þess að eignir dygðu fyrir skuldbindingum.

Með breytingu á samþykktum sjóðsins 1997 og samkomulagi í kjölfarið skuldbundu aðildarfyrirtækin sig til að gera upp skuldir sínar við sjóðinn. Tók það loforð til allra skuldbindingar sjóðsins, eins og þær voru reiknaðar við breytingarnar, en eftir þær var að því stefnt, að ábyrgð aðildarfyrirtækjanna félli niður. Áttu eignir sjóðsins eftir það uppgjör að nægja fyrir skuldbindingum hans, sbr. niðurstöðukafla héraðsdóms sem sætti ekki endurskoðun Hæstaréttar í máli nr. 244/2003.

Af fyrirbyggjandi gögnum verður talið að efni samkomulagsins hafi falið í sér að aðildarfyrirtækin greiddu næga fjármuni (greiðsla) til þess að eignir lífeyrissjóðsins yrðu áfram umfram skuldbindinga vegna réttinda sjóðfélaga gegn því að ábyrgð aðildarfyrirtækja á eignastöðu sjóðsins félli niður (gagngjald). Til grundvallar fjárhæð greiðslu aðildarfyrirtækjanna var byggt á ákveðnum tryggingafræðilegum forsendum. Þannig fengu aðildarfyrirtækin í raun greitt strax með því að ábyrgðin þeirra á skuldbindingum sjóðsins var felld niður en verðmæti sjóðfélaga koma fram á áratugum, 40 árum eða hátt í það.

Þessu til viðbótar verður að telja að í samkomulaginu hafi falist sú aukaskylda að báðir aðilar gerðu allt sem í þeirra valdi stæði til að forsendur samningsins gengju eftir og a.m.k. myndu forðast ráðstafanir sem gætu stefnt forsendum samkomulagsins í hættu.

- c) Næst vék Jónas máli sínu að skuldbindingargildi samkomulagsins og reglum samningaréttar um brostnar forsendur og sanngirnisreglu 36. gr. samningalaga.

Fyrir liggur að forsendur samkomulagsins frá 1997 hafa ekki gengið eftir. Með samkomulaginu 2006 var gerð ákveðin leiðrétting en það sem eftir stendur í dag eru veruleg frávik frá forsendum og þá sérstaklega í tengslum við tímamark starfsloka, þ.e. eftirlaunaaldurs og nýtingu 95 ára reglu.

Það er samningsfrelsi á landinu og er meginregla samningaréttar sú að samninga skal halda. Undantekning frá meginreglunni er t.d. þegar sýnt hefur verið fram á að forsendur samnings eru brostnar að verulegu leyti en slíkar aðstæður geta leitt til þess að samningur er ógildur í heild eða að hluta. Ef ekki eru aðstæður til að ógilda samninga er hugsanlegt að fá samningi breytt með vísan til sanngirnisreglu 36. gr. samningalaga.

Sá sem heldur því fram að breyta eða ógilda eigi samning ber sönnunarbyrðina fyrir því af hverju. Í því sambandi getur það skipt máli hversu langur tími hefur liðið frá gerð samnings þar til krafa um breytingu eða ógildingu kemur fram. En það má segja að eftir því sem lengri tími hefur liðið frá gerð samnings því strangari kröfur eru gerðar til þess aðila sem fer fram á breytingu eða ógildingu

hans og þeirra ástæðna sem hann leggur til grundvallar slíkri kröfu auk þess sem tómlætisáhrif geta komið fram.

Til þess að ná fram ógildingu í heild eða að hluta á samningi á grundvelli brostinna forsendna þarf að uppfylla fjögur skilyrði.

1. *Sú forsenda sem brestur þarf að vera ákvörðunarástæða fyrir samkomulagi.* Þ.e.a.s. hún þarf að hafa leitt til þess að aðili hafi tekið ákvörðun um að gera samning.
2. *Forsenda þarf líka að vera veruleg á almennan mælikvarða.* Telja má að svo sé í því tilviki sem hér um ræðir en um eru að ræða mikilvæg fjárhagsleg réttindi auk þess sem þetta eru verulegar fjárhæðir í lífeyrissjóðinn.
3. *Gagnaðila þarf að vera ljóst að þetta sé ákvörðunarástæða.* Telja verður að aðildarfyrirtækin hafi gert sér grein fyrir því með vísan til fyrirliggjandi gagna.
4. *Ekki má vera ósanngjarnt að áhættan af forsendubrestinum lendi hjá öðrum aðilanum.* Um var að ræða uppgjör á greiðslum fyrir nokkra áratugi, það er varla sanngjarnt að vanmat á slíkum greiðslum sé alfarið lögð á einstaklinga. Svo mætti líka halda því fram að um hafi verið að ræða einhliða efndir á samkomulaginu þar sem aðildarfyrirtækin fengu sínar efndir strax (ábyrgð felld niður) en efndir lífeyrissjóðsins og sjóðfélaga eru að koma fram á löngum tíma og hafa verið lakari eftir því sem tíminn hefur liðið.

Lýsti Jónas því að hann teldi að sjónarmið um brostnar forsendur ættu við um forsendur samkomulagsins frá 1997 er varða tímamark starfsloka og nýtingu 95 ára reglu. Þessi niðurstaða hans byggði á sanngirnismati en þar sem sanngirni væri í eðli sínu afstæð væri slíkt mat ekki óumdeilanlegt. Að mati Jónasar yrði erfitt að halda því fram að samkomulagið frá 1997 væri ógilt í heild sinni en hugsanlegt væri að ná fram ógildingu á þeim hluta samkomulagsins sem snýr að framangreindum forsendum.

Þá nefndi Jónas að á bls. 11 í álitinu væru dregin fram gagnrök fyrir þá sem vilja kynna sér þau. En Jónas ítrekaði að hann teldi þau rök sem hann hefur fyrir sinni niðurstöðu vega þyngra en gagnrökin.

Þá vék Jónas máli sínu að sanngirnireglu 36. gr. samningalaga.

Ákvæði 36. gr. samningalaga felur í sér ógildingarreglu sem veitir dómstólum heimild til þess að ógilda samninga í heild eða hluta, ýmist frá upphafi eða frá tilteknu tímamarki. Þá er almennt talið að gera megi kröfu um breytingar á samningi með vísan til reglunnar.

Í ákvæðinu kemur fram að við mat á því hvort unnt sé að beita ákvæðinu skuli líta til *efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til*. Heildarmat á þessum aðstæðum ræður, sanngirnismat.

1. *Efni samnings.* Um var að ræða uppgjör á lífeyrisskuldbindingum sem byggði á áratuga framtíðarmati. Ekki er um að ræða hefðbundinn samning þar sem menn skiptast á einhverju innan tiltölulega skamms tíma. Þá var áhættan á verðmæti greiðslunnar frá aðildarfyrirtækjunum einhliða á lífeyrissjóðnum út af þessum langa tíma og því er ekki jöfn staða á meðal aðila varðandi efni samningsins.
2. *Staða aðila við samningsgerð og atvik við samningsgerð.* Sjóðfélagar áttu hugsanlega ekki annan kost en að treysta forsendum uppgjörins og þeim útreikningum sem aðildarfyrirtækin og stjórn sjóðsins komust að samkomulagi um í aðdraganda samkomulagsins. Þegar litið er til þessa þá var ekki um fullkomna jafnstöðu að ræða milli aðildarfyrirtækja og sjóðfélaga.

3. *Atvik sem síðar koma til.* Það hefur orðið þróun í þá veru að forsendur samkomulagsins er varða starfslok hafa brostið. Þetta hefur leitt til verulegrar röskunar á samningsgrundvelli sem sjóðfélagar bera hallann og áhættuna af.

Við framangreind sjónarmið er varða 36. gr. samningalaga má svo bæta við þeim sjónarmiðum sem dregin voru fram í tengslum við sanngirnismat vegna brostinna forsendna.

Til að draga saman lýsti Jónas þeirri skoðun sinni að erfitt yrði að halda því fram að samkomulagið frá 1997 yrði ógilt í heild sinni á grundvelli 36. gr. samningalaga. Hins vegar taldi hann að krefjast mætti ógildingar varðandi þann hluta samkomulagsins sem snýr að afnámi og uppgjöri ábyrgðar vegna eftirlaunaaldurs og nýtingar 95 ára reglu og þannig væri ábyrgð aðildarfyrirtækja fyrir hendi vegna skuldbindinga sem af þeim réttindum leiðir. Þá taldi Jónas að mögulega mætti, í stað ógildingar, gera kröfu um breytingu á samkomulaginu í þá veru að greiðsla vegna framangreindra réttinda yrði endurmetin í samræmi við þá þróun sem verið hefur.

d) Önnur atriði

Jónas fjallaði um að því hefði verið haldið fram að aðildarfyrirtækin hafi með háttsemi sinni stuðlað að því að forsendur uppgjorsins varðandi eftirlaunaaldur og nýtingu 95 ára reglu hafi ekki staðist. Þannig hafi fyrirtækin beitt sér fyrir því að fólk, sem hafði áunnið sér lífeyrisréttindi, hætti störfum og hæfi töku lífeyris áður en 67 ára aldri væri náð. Með því hafi iðgjaldagreiðslur orðið lægri og lífeyrisgreiðslur hærri en gert var ráð fyrir. Tók Jónas fram að ef tækist að sanna að slík háttsemi hafi átt sér stað þá kynni að vera að viðkomandi aðildarfyrirtæki hafi beinlínis stuðlað að vanefndum á samkomulaginu og það gæti haft bein áhrif á sanngirnismat það sem þyrfti að eiga sér stað í tengslum við ógildingarreglur samningaréttar.

Næst nefndi Jónas að sjónarmið um aðgerðarleysi og tómlætisáhrif gætu haft áhrif á hugsanlega ógildingarkröfu sjóðsins. Benti Jónas á að í íslenskum rétti getur réttarvernd krafna glatast vegna aðgerðarleysis rétthafa. Meginreglan væri sú að menn ættu að halda réttindum sínum uppi eins fljótt og þau verða til og án ástæðulauss dráttar. Við mat á slíku væri einkum horft til þess hve langur tími hafi liðið frá þeim tíma sem viðkomandi rétthafi hefði mátt gera sér grein fyrir því að hann ætti kröfu, hver eðli réttindanna væri sem um ræddi, hvernig háttsemi aðila hefði verið og hvaða hagsmunir væru í húfi, o.s.v.frv. Ákveðið heildarmat þarf að eiga sér stað og er erfitt að sjá fyrir afdráttarlausu niðurstöðu um það hvaða áhrif þessi sjónarmið gætu haft í þessu máli. Á bls. 14 - 16 í álitinu er fjallað nánar um aðgerðarleysi, tómlætisáhrif, og dregin fram rök með og á móti hugsanlegri ógildingarkröfu sjóðsins.

e) Helstu niðurstöður

Í lokin dró Jónas fram helstu niðurstöður sínar.

Fyrir liggur að forsendur samkomulagsins gengu ekki eftir og er það álit mitt að lögfræðileg rök standi til þess að ógilda megi samkomulagið um uppgjör ábyrgðar, að þeim hluta sem snýr að skuldbindingum vegna eftirlaunaaldurs og nýtingu 95 ára reglu, á grundvelli ólögfesta reglna samningaréttar um brostnar forsendur eða 36. gr. samningalaga. Þá megi mögulega gera kröfu um breytingar samkomulagsins vegna þróunar framangreindra forsendna með vísan til 36. gr. samningalaga. Verði samkomulagið ógilt að hluta þá myndu aðildarfyrirtækin bera ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar sem leiddu af framangreindum réttindum.

Jónas lauk máli sínu og Hinrik gaf orðið laust um yfirferð Jónasar og lögfræðiálit hans.

Hilmar F. Thorarensen kvað sér máls. Hilmar kynnti sig og spurði hvort sjóðfélagar hefðu verið í þeirri stöðu árið 1997 að standa á því að hafna þessum breytingum og halda ríkisábyrgðinni áfram. Jónas svaraði og sagði að ef hann myndi rétt þá hefði þurft atbeina sjóðfélaga til að fá breytingarnar fram þannig að ábyrgðin hefði áfram verið fyrir hendi ef sjóðfélagar hefðu kosið á þann veg. Friðbert tók til máls og tók fram að hann hefði ekki verið í stjórn á þessum tíma en eftir

á að hyggja hefði verið þyngra fyrir fæti fyrir aðildarfyrirtækin að breyta samþykktum sjóðsins ef sjóðfélagar hefðu ekki samþykkt breytingarnar. Í því samhengi nefndi Friðbert að hann hefði skynjað stöðuna þannig á sínum tíma að það hafi legið í loftinu að ef sjóðfélagar myndu ekki samþykkja breytingarnar þá yrðu sett lög sem myndu kveða á um þær. Ef hann myndi rétt þá hefðu ca. 400 mætt á fundinn, rúmlega 200 samþykkt og eitthvað um 150 verið á móti. Það hefði verið mjótt á mununum en meginröksemdin fyrir því að samþykkja samkomulagið hefði verið að sjóðfélagar yrðu jafn vel settir og áður. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að hlutfallsleg nýting 95 ára reglunnar sé 25% en raunin er að nýting reglunnar er 50%. Þá gerir samkomulagið ráð fyrir að það sé að jafnaði 67 ára gamalt fólk sem fari á eftirlaun en ekki 65 ára. Þessar tvær forsendur hafa ekki gengið eftir og kosta sjóðinn mjög mikið. Nefndi Friðbert að á næsta ársfundi ætti sjóðurinn að athuga hvort tilefni væri til að gera breytingar á samþykktum sjóðsins þannig að eftirlaunaaldur yrði hækkaður í 67 ár og 95 ára reglan færð í 97 ár því að ef ákveðið yrði að fara með þetta mál til dómstóla þá tæki sú leið langan tíma.

Ekki tóku fleiri til máls undir þessum lið.

2) Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir síðasta dagskrárlið.

Kjartan Sigurgeirsson kom í pontu og kvað sér máls. Kjartan kynnti sig og lýsti því að hann og nokkrir sjóðfélagar hefðu komið saman og sett saman tillögu að ályktun sem þeim langaði til að leggja fyrir fundinn.

Því næst las Kjartan upp tillöguna og hún hljóðaði svo:

„Fundur sjóðfélaga Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn þann 7. október 2015, samþykkir að fela stjórn lífeyrissjóðsins og Jónasi Fr. Jónssyni hdl., f.h. sjóðfélaga hlutfallsdeildar að hefja viðræður þegar í stað við aðildarfélög sjóðsins og Bankasýslu ríkisins um fulla leiðréttingu á þeim forsendubresti sem sjóðfélagar hafa orðið fyrir frá síðustu leiðréttingu sem gerð var árið 2006.“

Ef samningaumleitan við aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins skilar ekki árangri verði lagt fyrir ársfund sjóðsins 2016 ályktun um að bera kröfur um leiðréttingar vegna forsendubrests Hlutfallsdeildar undir dómstóla.“

Að loknum upplestri á tillögunni nefndi Kjartan að mikilvægt væri að sjóðfélagar sýndu samstöðu og ynnu að sameiginlegu markmiði sem væri að aðildarfyrirtæki bæru kostnað af ákvörðunum sínum sem hafa haft veruleg neikvæð áhrif á stöðu lífeyrissjóðsins. Kvaðst Kjartan nú leggja tillöguna fram fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu ásamt eftirfarandi meðflutningsmönnum sínum: Brynjólfur Þór Brynjólfssyni, Hauki Þór Haraldssyni, Jóhanni Birgissyni, Sigurði Erni Einarssyni og Sveinbirni Hafliðasyni.

Hinrik Greipsson tók til máls og kvað orðið vera laust

Hjörvar Jensson kvað sér máls. Hjörvar kynnti sig og lýsti því að hann legði til lítils háttar breytingartillögu á seinni málsgrein fram kominnar tillögu að ályktun.

Því næst las Hjörvar upp breytingartillöguna sem hljóðaði svo:

Að í stað: „Ef samningaumleitan við aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins skilar ekki árangri verði lagt fyrir ársfund sjóðsins 2016 ályktun um að bera kröfur um leiðréttingar vegna forsendubrests Hlutfallsdeildar undir dómstóla.“

Komi: „Ef ljóst verður að samningaumleitan ber ekki árangur skal stjórn lífeyrissjóðsins boða án frekari tafar til fundar sjóðfélaga þar sem tekin er ákvörðun um framhald málsins, þó eigi síðar en á Ársfundi sjóðsins 2016.“

Að loknum upplestri á breytingartillögunni kvaðst Hjörvar leggja hana fram fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu.

Hinrik fundarstjóri tók til máls og kvað orðið vera laust til umræðu um fram komnar tillögur og upphófst nokkur umræða.

Friðbert Traustason kvað sér máls. Friðbert sagði sína skoðun vera þá að sjóðfélagar gætu allt eins tekið ákvörðun núna strax um það hvort halda ætti viðræðum við aðildarfyrirtækin áfram eða hvort hefja ætti undirbúning að dómsmáli. Í því sambandi hefði stjórn sjóðsins á undanförunum mánuðum rætt við Landsbankann hf. og væri hans tilfinning sú að frekari viðræður væru ekki líklegar til árangurs. Stjórn sjóðsins myndi hinsvegar að sjálfsögðu fara í viðræður við aðildarfyrirtækin samþykki sjóðfélagar ályktun í þá veru.

Hinrik kvað orðið vera laust.

Sveinbjörn Hafliðason kvað sér máls. Sveinbjörn kynnti sig og spurði hvort sjóðnum hefði borist tilkynning frá aðildarfyrirtækjum um að þeir bæru enga ábyrgð. Friðbert svaraði og sagði svo ekki vera. Sveinbjörn tók þá til máls og lýsti því að hann teldi þá tillögu sem lægi frammi um að reyna fyrst samningaleið væri rétt. Samningaleiðin sem slík yrði erfið og hugsanlega ómöguleg en ef hún yrði árangurslaus þá væri komið tilefni til að sækja málið af fullum krafti fyrir dómstólum.

Hinrik þakkaði Sveinbirni fyrir og kvað orðið vera laust.

Stefán Jóhann Stefánson kvað sér máls. Stefán kynnti sig og nefndi að hann hefði tekið þá ákvörðun á sínum tíma að fara í Hlutfallsdeild en tíminn ætti eftir að leiða það í ljós hvort það hafi verið rétt ákvörðun. Þá nefndi Stefán að hann hafi heyrt í fréttum gærkvöldsins að það vantaði um þrjá milljarða í sjóðinn. Þá hefði komið fram hjá stjórnarformanni sjóðsins fyrr á fundinum að ekki væri eftir neinu að biðja til að bregðast við ástandinu og að formaðurinn hefði nefnt hugsanlegar breytingar á samþykktum í því samhengi. Sagðist Stefán velta fyrir sér hvort það væri ekki brýnna, eða a.m.k. jafn brýnt, að fara í mál við aðildarfyrirtækin strax. Þá spurði Stefán hvert allir þessir fjármunir hefðu farið og hvort þeir hefðu einmitt ekki runnið til sjóðfélaga og hvort þeir bæru ekki einhverja ábyrgð á þeirri stöðu sem er uppi. Að lokum tók Stefán fram að hans skoðun væri sú að það þyrfti að gera fleira en að fara bara í mál og að hann teldi rétt að gripa til ráðstafana inni í sjóðnum til að tryggja að þeir sem yngstir væru í deildinni fengju eitthvað þegar þeir færu loks á eftirlaun. Stefán lauk máli sínu og þakkaði fyrir sig.

Friðbert kvað sér máls og tók strax fram að fréttin sem Stefán vísaði til hefði ekki verið rétt og nákvæm að því leytinu til að raunverulega þyrfti þessa þrjá milljarða til að taka til baka 10% leiðréttingu deildarinnar sem hefur verið framkvæmd. Núverandi staða á sjóðnum væri í lagi eftir leiðréttingu. Þá nefndi Friðbert að hann hefði ekkert á móti tillögu sjóðfélaga eins og henni væri háttað og væri sammála því að hún yrði samþykkt og að samningaleið yrði reynd fyrst. Af því tilefni væri þó rétt að benda á að sjóðurinn væri að horfa upp á ágreining af því tagi sem að hans mati yrði aðeins leystur á einhverjum árum en ekki mánuðum. Þetta mat væri af fenginni reynslu og með sérstakri vísan til fyrri dómsmála sem sjóðurinn hefði verið aðili að. Friðbert nefndi að hann væri sammála Stefáni og teldi rétt að sjóðurinn athugaði aðrar leiðir en bara dómstólaleið því hún myndi fyrirsjánlega taka langan tíma.

Hinrik kvað orðið enn vera laust.

Ólafur Óskar Jakobsson kvað sér til máls. Ólafur kynnti sig og lýsti því að hann hefði sett saman tillögu að ályktun sem hann myndi nú vilja leggja fyrir fundinn. Um efni tillögunnar nefndi Ólafur að

hann teldi það hafa verið svo í mörgum tilfellum sem fram kæmi í henni. Því næst las Ólafur upp tillöguna.

Tillagan hljóðaði svo:

„Fundur Lífeyrissjóðs bankamanna leggur til að starfsmenn lífeyrissjóðsins kanni sérstaklega hjá lífeyrisþegum hvort þeir hafi verið þvingaðir til að nýta 95 ára reglu með þvinguðum starfslokum aðildarfyrirtækis gagnvart launþega frá reglugerðarbreytingu árið 1997.“

Að loknum upplestri á ályktuninni nefndi Ólafur að hann teldi að ef sjóðfélagar væru reiðubúnir til að greina frá málsatvikum í þessa veru gæti komið í ljós mikið tjón. Ólafur þakkaði fyrir sig.

Hinrik kvað orðið vera laust.

Hrefna kvað sér til máls. Hrefna spurði hvort það væri ekki forsendubrestur ef fleiri væru að nýta sér 95 ára regluna upphaflegar forsendur um 25% hlutfallslega nýtingu á 95 ára reglunni gerðu ráð fyrir. Friðbert tók til máls og kvað svo vera og að það væri einmitt hluti af því vandamáli sem sjóðurinn stæði frammi fyrir.

Hinrik kvað orðið enn vera laust. Fleiri kváðu sér ekki til máls og spurði Hinrik þá Ólaf Óskar Jakobsson hvort hann væri reiðubúinn til þess að draga sína tillögu til baka þar sem Hinrik teldi hana efnislega vera fölgna í fyrri tillögum, þ.e.a.s. að ef farið yrði af stað í að undirbúa dómsmál þá yrði að skoða þetta atriði þar sem það skipti miklu máli fyrir sanngirnismat lögmanns sjóðsins hvort aðildarfyrirtæki hefðu með kerfisbundinni háttsemi sinni ýtt undir að forsendur samkomulagsins hafi brostið.

Næst kvað ónefndur fundarmaður sér hljóðs en fundarritari náði ekki nafni viðkomandi. Spurði fundarmaður hvort ekki væri rétt að framkvæma könnunina og nota niðurstöður hennar í viðræðum við bankana. Hinrik svaraði og sagðist hann telja að framkvæmd könnunarinnar fyrir samningaviðræður kynni að draga það verulega að unnt yrði að hefja samningaviðræður og þar með allt ferlið. Kvað Hinrik rétt að könnun yrði framkvæmd eftir samningaviðræður. Það væri hagræði fólgið í því.

Kjartan Sigurgeirsson kvað sér máls. Kjartan sagðist þekkja Friðbert talsvert og fullyrti að hann gæti gert að minnsta kosti tvo hluti í einu. En að öllu gamni slepptu nefndi Kjartan að hann teldi að tillaga Ólafs ætti að standa.

Friðbert tók til máls. Friðbert nefndi að hann væri hugsi yfir því hvernig ætti að framkvæma könnun sem þessa. Ef farið yrði fyrir dómstóla þá yrðu aðilar væntanlega kallaðir fyrir dóm til að bera vitni og þær upplýsingar sem myndu koma fram þar myndu fá aukið vægi sem vitnisburður með nafni og eftir atvikum með gögnum. Friðbert sagðist ekki vera mótfallinn því að framkvæma könnun áður en kæmi að samningaviðræðum við aðildarfyrirtækin en hann væri hugsi yfir framkvæmd könnunarinnar og hvernig hægt væri að tryggja að hún yrði árangursrík.

Jóhannes Gíslason kvað sér til máls og spurði hvort lögmaðurinn gæti útbúið könnunina. Jónas Fr. Jónasson lögmaður tók til máls. Jónas sagðist eiga erfitt með að meta hvort rétt væri að framkvæma könnun á þessum tímapunkti eða ekki. Ef einhverjir sjóðfélagar teldu sig hafa orðið fyrir þvingunum af því tagi sem um hefði verið rætt þá þyrfti að staðfesta það undir nafni og undirrita yfirlýsingu þess efnis. Það væru gögn sem sjóðurinn þyrfti að útvega. Tímapunktur slíkra yfirlýsinga skiptu ekki öllu máli að mati Jónasar en a.m.k. þyrfti að afla þessara gagna áður en farið yrði í dómsmál.

Þá kvað sér til máls Ólafur Óskar Jakobsson flutningsmaður tillögunnar. Ólafur nefndi að tillagan væri alls ekki lögð fram að ástæðulausu og sagði að hann hefði sjálfur verið þvingaður í starfslok svo það væri alveg á hreinu. Nefndi Ólafur að hann teldi þetta svo alvarlegt mál að það væri ekki hans einkamál. Ólafur sagði að hann vonaði að fólk væri tilbúið til að koma til sjóðsins og skrifa

undir yfirlýsingu þess efnis ef það hefði orðið fyrir þvingunum. Kvað Ólafur sig geta sannað í sínu tilfelli að svona hafi borið að starfslokum hans. Þá nefndi Ólafur að hann teldi að svona tillaga þyrfti ekki að taka verulegan tíma í framkvæmd. Það væri vitað mál hver hópurinn væri og hvatti hann sjóðfélaga til að samþykkja tillöguna.

Hinrik þakkaði Ólafi fyrir og kvað orðið enn vera laust áður en þær tillögur sem hér lögju frammi yrðu afgreiddar.

Enginn kvað sér máls.

Kvaðst Hinrik þá ætla að bera tillögurnar fram þannig að þær yrðu sem heildstæðastar. Í því skyni yrðu fyrst greidd atkvæði um fyrri hluta, eða fyrstu málsgrein, þeirrar tillögu að ályktun sem Kjartan Sigurgeirsson las upp fyrir hönd meðflutningsmanna sinna. Næst yrðu greidd atkvæði um breytingartillögu Hjörvars á fyrrnefndri tillögu að ályktun. Og þar á eftir yrðu greidd atkvæði um tillögu Ólafs að ályktun.

Hinrik las fyrri hluta ályktunar Kjartans og meðflutningsmanna upp sem hljóðaði svo:

„Fundur sjóðfélaga Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn þann 7. október 2015, samþykkir að fela stjórn lífeyrissjóðsins og Jónasi Fr. Jónssyni hdl., f.h. sjóðfélaga hlutfallsdeildar að hefja viðræður þegar í stað við aðildarfélög sjóðsins og Bankasýslu ríkisins um fulla leiðréttingu á þeim forsendubresti sem sjóðfélagar hafa orðið fyrir frá síðustu leiðréttingu sem gerð var árið 2006.“

Visaði Hinrik þessum fyrri hluta tillögunnar til atkvæðugreiðslu fundar. Var fyrri hluti tillögunnar samþykktur með atkvæðamerkjum og vísað til stjórnar sjóðsins. Enginn var á móti.

Næst las Hinrik upp breytingartillögu Hjörvars sem hljóðaði svo:

„Ef ljóst verður að samningaumleitan ber ekki árangur skal stjórn lífeyrissjóðsins boða án frekari tafar til fundar sjóðfélaga þar sem tekin er ákvörðun um framhald málsins, þó eigi síðar en á Ársfundi sjóðsins 2016.“

Visaði Hinrik breytingartillögunni til atkvæðugreiðslu fundar. Var breytingartillagan samþykkt með atkvæðamerkjum og vísað til stjórnar sjóðsins. Enginn var á móti.

Fyrri samþykkt ályktun sjóðfélaga var eftirfarandi í heild sinni:

„Fundur sjóðfélaga Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn þann 7. október 2015, samþykkir að fela stjórn lífeyrissjóðsins og Jónasi Fr. Jónssyni hdl., f.h. sjóðfélaga hlutfallsdeildar að hefja viðræður þegar í stað við aðildarfélög sjóðsins og Bankasýslu ríkisins um fulla leiðréttingu á þeim forsendubresti sem sjóðfélagar hafa orðið fyrir frá síðustu leiðréttingu sem gerð var árið 2006.

Ef ljóst verður að samningaumleitan ber ekki árangur skal stjórn lífeyrissjóðsins boða án frekari tafar til fundar sjóðfélaga þar sem tekin er ákvörðun um framhald málsins, þó eigi síðar en á Ársfundi sjóðsins 2016.“

Þá tók Hinrik til atkvæðagreiðslu tillögu Ólafs að ályktun.

Hinrik las tillöguna upp og hljóðaði hún svo:

„Fundur Lífeyrissjóðs bankamanna leggur til að starfsmenn Lífeyrissjóðsins kanni sérstaklega hjá lífeyrisþegum hvort þeir hafi verið þvingaðir að nýta 95 ára reglu með þvinguðum starfslokum aðildarfyrirtækis gagnvart launþega frá reglugerðarbreytingu árið 1997.“

Vísaði Hinrik tillögunni til atkvæðugreiðslu fundar. Var tillagan samþykkt sem ályktun með atkvæðamerkjum og vísað til stjórnar sjóðsins. Enginn var á móti.

Hinrik kvað orðið enn vera laust ef einhver vildi taka til máls.

Tryggvi Tryggvason kvað sér máls og kom í pontu. Tryggvi kynnti sig sem nýjan framkvæmdastjóra sjóðsins og þakkaði fyrir góðan fund. Lýsti Tryggvi því að hann hlakkaði til að starfa með sjóðfélögum að málefnum sjóðsins. Þá tók Tryggvi fram að hann kæmi beint inn í þetta vandasama mál sem farið hefði verið yfir hér á þessum fundi en að hann ætlaði sér að vinna öfluglega að hagsmunamálum sjóðsins. Að lokum nefndi Tryggvi að sjóðfélagar væru ávallt velkomnir í heimsókn á skrifstofu sjóðsins. Tryggvi þakkaði fyrir sig.

Hinrik kvað sér máls og bauð Tryggva sérstaklega velkominn til starfa. Þá þakkaði Hinrik fundarmönnum fyrir málefnalega og góða umræðu með von um að fundurinn myndi verða öllum til gæfu og góðs í framtíð.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Fundi var slitið um kl. 19:10. Fundarmenn voru um 173 talsins.

Reykjavík, 22. desember 2015.

Fundarstjóri:

Hinrik Greipsson

Fundarritari:


Palmi Rögnvaldsson